

Orkugerðin ehf
Heiðargerði 5
801 Selfoss

Reykjavík, 22. desember 2022
UST202203-013/S.M.
08.10.02

Reglubundið eftirlit í Orkugerðina

Þann 19. september 2022 fór fram reglubundið eftirlit í Orkugerðina. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Aðgangur að athafnasvæði skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna. Hlið skulu lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Við eftirlit var ekkert hlið sem hægt er að loka og aðgangur greiður fyrir menn og skepnur inn á athafnasvæðið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur